

 **Hádegistilboð**

Fréttir 11-16

LÍTIL PIZZA
af matsæli og 0,33 cl gos **1.000 KR.**

MIBSTÆRÐ
af matsæli og 0,33 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS



Gróttustrákarnir ásamt aðstandendum.

Silfur á Orkumótinu

Eldra ár 6. flokks karla hélt á hið sögufræga Orkumót í Eyjum í lok júní, áður Shellmótið og þar áður Tommamótið. Gróttu mætti með tvö lið til leiks en nokkru áður hafði yngra ár flokksins tekið þátt á Set-mótinu á Selfossi sem lukkaðist vel.

Skemmst er frá því að segja að framganga Gróttumanna í Vestmannaeyjum var ævintýri líkust. Gróttu2 gerði vel fyrsta daginn en átti svo undir högg að sækja á öðrum keppnisdegi. Í sólinni og blíðunni á lokadeginum gekk

svo allt upp lönduðu strákarnir að lokum Eldfellsbikarnum eftir æsispennandi úrslitaleik. Gróttu spilaði vel fyrstu tvo dagana og tryggði sér sæti í 8-liða úrslitum mótsins. Þar létu strákarnir ekki gott heita og komust með frábærri spilamennsku alla leið í sjálfan úrslitaleikinn og það í fyrsta sinn í sögu Gróttu. Leikið var við Stjórnuna á troðfullum Hásteinsvelli og þurfti bæði framlengingu og vítakeppni til að knýja fram úrslit en Garðbæingar báru sigur úr bítum að lokum. Á lokahófinu

voru þeir Björgvin Brimi Andrésson og Tómas Johannessen valdir í úrvalslið mótsins en Viktor Orri Guðmundsson var fulltrúi Gróttu í landsleiknum.

SELTJARNARNESBÆR



www.seltjarnarnes.is

 **24**
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

 **Systrasamlagid**

Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid
www.systrasamlagid.is



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU



HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka

NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Hvað tefur Bygggarða

Umræður um að byggja íbúðahverfi við Bygggarða á Seltjarnarnesi hafa staðið yfir í meira en áratug. Árið 2006 var kynnt tillaga að deiliskipulagið fyrir svæðið þar sem gert var ráð fyrir umtalsverðri byggð-einkum í fjölbýlum. Sú tillaga hlaut vægast sagt dræmar undirtektir á meðal íbúa bæjarfélagsins.

Árið 2012 var kynnt önnur tillaga að deiliskipulagi fyrir Bygggarðana Ásem unnin var á grundvelli aðalskipulags Seltjarnarness 2006 til 2014. Markmið hennar var að útfæra íbúðabyggð í samræmi við skipulagið auk þess á leita fyrirmynda í byggðinni á norðanverðu Nesinu. Sú tillaga sofnaði svefninum sæta.

Á sama tíma efndu bæjaryfirvöld til samkeppni um skipulag og byggð. Á miðbæjarsvæðinu í nágrenni Eiðistorgsins. Verðlaunuðu tillögu um miklar byggingaframkvæmdir sem tæki áratugi að reisa. Þær mættu ekki miklum fögnum bæjarbúa og fáir ræða um þær í dag.

Nú hefur Arkis-arkitektar kynnt nýja tillögu að skipulagi og gerð bygginga þar sem virðist komið til móts við þau umkvörtunarefni sem komið hafa fram um lágreista byggð.

Á Bygggarðasvæðinu er gamalt iðnaðarhverfi. Barn síns tíma þar sem bæði Amá finna gömul iðnaðar- og verkstæðishúsnæði. Hluti þess er ekki lengur í notkun en aðrar byggingar þarf að rýma með þeim ráðum sem tiltæk eru.

Niðurníðsla og sóðaskapur einkennir þennan hluta Seltjarnarness. Því ber mikla nauðsyn til að bæjaryfirvöld og byggingaraðili ná saman um að þar risi sómasamleg íbúðabyggð.

Hvað tefur Bygggarða er brennandi spurning. Felst svarið ef til vill að bæjarfélagið telji að Nesið sé nú þegar fullbyggt?

Farið að huga að næstu bæjarstjórnarkosningum

- óvíst um hversu mörg framboð munu koma fram



Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri á Seltjarnarnesi ætlar að gefa kost á sér í fyrsta sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórnarkosningum fyrir Sjálfstæðisflokkinn að vori. Bjarni Álfþórsson forseti bæjarstjórnar hyggst einnig halda áfram og gefa kost á sér í annað sæti listans.

Magnús Örn Guðmundsson bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins hefur áhuga á að halda áfram og Sigrún Edda Jónsdóttir bæjarfulltrúi kveðst vera að hugsa málið en ekki hafa tekið endanlega ákvörðun. Margrét Lind Ólafsdóttir bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar sem búin er að starfa í bæjarmálunum í átta ár kveðst ekki ætla að gefa kost á sér áfram en Guðmundur Ari Sigurjónsson sem setið hefur í bæjarstjórn á vegum Samfylkingarinnar hyggst gefa kost á sér áfram.

Árni Einarsson sem verið hefur bæjarfulltrúi hjá Neslistanum um árabil ætlar hins vegar ekki

að gefa kost á sér. Af öðrum stjórn málaöflum er það að fréttu að nú er unnið að stofnun bæjarmálafélags á vegum Viðreisnar á Seltjarnarnesi og hafin undirbúningur að framboði til bæjarstjórnarkosninga. Á vegum Pírata er einnig gert ráð fyrir framboði til bæjarstjórnarkosninga þótt endanleg ákvörðun liggji ekki fyrir. Vinstri hreyfingin Grænt framboð VG hefur ekki verið með sér framboð á Seltjarnarnesi og óvíst hvort breytinga er að vænta að því leyti, Framsóknarmenn hafa ekki tekið ákvörðun um framboðsmál og ekki hefur náðst í forsvarsmenn Bjartrar framtíðar til að inna þá eftir hvort þeir hyggi á framboð.

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook

PC og Apple
tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

 TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

Nesbíúinn



Ég þarf að skella mér í framboð!

Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2



Reykjavíkur Apótek býður upp á allar tegundir lyfja. Mikið og fjölbreytt úrval af heilsulyfjum, bað- og ilmvörum, gjafavörum auk ýmissa annarra góðra kosta.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð.



SKAPINN AUGLÉSINGASTOFA

Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur

Afgreiðslutími:
9-18:30 virka daga
10-16:00 laugardaga

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Breyttar tillögur fyrir Bygggarða



Tillögur af fyrirhugaðri byggð á Bygggarðasvæðinu.

Arkís arkitektar hefur sent frá sér breyttar tillögur að íbúðahverfi við Bygggarða á Seltjarnarnesi. Helstu markmið breytinganna eru betri tengingar við náttúru til suðurs og vesturs og rýmri svæði innan byggingarreitsins.

Í tillögunum er lögð áhersla á samhengi við aðra byggð á norðanverðu Seltjarnarnesi frá Bollagörðum vestur til Bygggarða. Gert er ráð fyrir raðhúsabyggð austast á

svæðinu en síðan sex U-laga þriggja hæða fjölbýlabýggingum. Tillögur Arkís hafa verið til umfjöllunar í bæjarstjórn Seltjarnesbæjar en engar ákvarðanir enn verið teknar um hvenær eða hvort verði ráðist í undirbúningsvinnu á svæðinu og byggingaframkvæmdir hafnar í framhaldi af því. Tillögurnar fela í sér að áætlaður íbúðafjöldi verði 144 og meðal stærð íbúðanna verði 148 m².

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

www.borgarblod.is



Spennandi nýjungar í sundlauginni

Nýlega var hafist handa við að skipta um rennibraut í sundlauginni okkar. Sú gamla var orðin 11 ára gömul, úrsér gengin eftir mikla notkun. Ákveðið var að hafa þá nýju með svipuðu sniði með smávægilegum breytingum þó. Fremsti hlutinn var hækkaður um 50cm þannig að hún er aðeins hraðari til að byrja með, liturinn er orðinn blár og dekkri sem gerir það að verkum að hluti hennar er í myrkri en litarákir í henni miðri gefa skemmtilega birtu inn.



Þó nokkrar breytingar voru gerðar á undirstöðum og lendingarkerið er frábrugðið því gamla. Þetta tvennt gerir það að verkum að töluvert rask varð á svæðinu í kringum hana sem þjónustumiðstöð bæjarins sér um að lagfæra. Eins kemur nýtt öryggishandrið efst í stiganum sem liggur upp í rennibrautina. Ekki er rennibrautin það eina nýja þetta vorið. Ný lyfta fyrir fatlaða var sett upp við dýpri enda laugarinnar til að auðvelda þeim aðgengi í laugarkerin. Þetta er lyfta sem fer lítið fyrir og er knúin af vatni einu saman og er frábær viðbót við sérhæfðan búningsklefa fyrir fatlaða. Við hvetjum alla sem ekki hafa treyst sér í laugina hingað til að mæta og prófa nýju græjuna. Til að byrja með verða starfsmenn til taks til þess að leiðbeina og kenna.

Framundan eru svo spennandi nýjungar í sundlauginni, eins og öflugir nuddstútar í nuddpottinn og í frumhönnun eru svokölluð "skiptiböð", sem er viðurkennd lækningameðferð sem gengur út á að fara til skiptis í heitt og kalt vatn. Vonandi gengur það eftir á næsta vori og verður kynnt betur þegar það verkefni er lengra komið. Vert er að taka það fram að aðgengið í skiptiböðin verður þannig að allir, líka þeir sem ekki komast í kalda pottinn geta auðveldlega nýtt sér þau. Kaldi potturinn hefur heldur betur slegið í gegn og verður þetta enn ein viðbótin til heilsuþótar fyrir sundlaugargesti.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokkis tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Mössun / snyrting á lakki
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og málning
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / álkæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smávíðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slíflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is





Eldgrillaður
KJUKLINGUR



Tilboð

Eldgrillaður kjúklingur og 2 l.
af Coca Cola, Zero eða Light

1.699 kr/pk

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Í sumar hafa Sunneva Þorsteinsdóttir og Sóley Arnarsdóttir tekið við félagsstarfi eldri bæjarbúa hjá Seltjarnarnesbæ. Ýmislegt er í boði en bæklingur með helstu upplýsingum um breytt félagsstarf yfir sumartímamann var dreift í hús í kringum hvítasunnuhelgina. Á mánudögum er bótisá í Gróttusalnum, á þriðjudögum er þútt á vellinum fyrir utan Skólabraut, á miðvikudögum eru göngur um Seltjarnarnesið og á fimmtudögum er mismunandi dagskrá. Til dæmis hefur nú þegar verið haldin félagsvist og samsöngur. Dagskráin hefst að jafnaði 13:30 en misjafnt er hvenær viðburðirnir taka enda. Á miðvikudaginn 5. júlí var haldið bingó og svo var önnur félagsvist 13. júlí og Nikkuballið sívinsæla fimmtudaginn þar á eftir, 20. júlí í björgunarsveitarhúsinu við smábátahöfnina á Seltjarnarnesi. Þetta starf hefur verið mjög áhugavert og lærdómsríkt að mati stelpnanna. Báðar hafa þær mikið unnið með börnum en það að vinna með öðrum aldurshópi er skemmtileg tilbreyting.

Soffía Karlsdóttir kveður Seltjarnarnesbæ

- hefur verið ráðin forstöðumaður
menningarmála í Kópavogi

Soffía Karlsdóttir sem undanfarin fimm ár hefur starfað sem sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs hjá Seltjarnarnesbæ og einnig verið fréttaritari bæjarfélagsins og séð um að miðla fréttum til fjölmiðla og almennings um málefni líðandi stundar á Seltjarnarnesi lætur nú af störfum. Soffía hefur verið ráðin forstöðumaður menningarmála í Kópavogi og var valin úr hópi 54 umsækjenda. Soffía mun hefja störf hjá Kópavogsbæ í ágúst.



Soffía Karlsdóttir.

Soffía byrjaði að vinna hjá Seltjarnarnesbæ veturinn 2012 og meðal þess sem hún hefur beitt mér fyrir er aukið samstarf milli stofnana bæjarins, aðallega menntastofnana hans. Í hennar tíð var unglingsdeild stofnuð við Bókasafnið og bókakostur safnsins fyrir unglinga eflur til mikilla muna. Einnig eflidist safnkostur erlends efnis í safninu öllu. Skömmu áður en hún sagði starfi sínu lausu hjá Seltjarnarnesi stóð hún fyrir endurnýjun samnings við Reiti um leiguhúsnæði til 15 ára en í þeim samningi er gert ráð fyrir að bókasafnið og Hagkaup verði aðskilið með gólfu, til að koma í veg fyrir hljóð- og lyktamengun frá versluninni.

Kveð Nesið með söknuði

Ég kveð Seltjarnarnes með miklum söknuði. Hér hafa rætur mínar legið síðastliðin 25 ár; hér hef ég alið upp mín börn og er afar stolt af velgengni þeirra sem ég þakka grunnskóla- og tónlistarskóla Seltjarnarness. Ég hef eignast hér vini fyrir lífstíð sem munu gæta þess að ég missi ekki tengslin við þetta einstaka samfélag. Ég er mjög þakklát fyrir að hafa verið treyst fyrir starfi sviðsstjóra á Seltjarnarnesi og vil þakka Ásgerði Halldórsdóttur fyrir frábært samstarf og fyrir það traust sem hún hefur borið til mín allan minn starfstíma á Nesinu. Betri yfirmaður er vandfundinn. Ég hef líka verið einstaklega heppin með samstarfsfólki og vil þá sérstaklega geta samstarfskvenna minna á Bókasafninu, sem hafa reynst mér öruggt og gott bakland.

S-26 málningarkerfið er svarið við íslensku veðurfari

MÁLNINGARVERSLUN ÍSLANDS
- vörn til frambúðar

Vatnagarðar 16 - 104 Reykjavík - Sími 415 0060 - malis@malis.is



Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni

- 1** Skolið umbúðir svo ekki komi ólykt við geymslu
- 2** Stafflið þeim saman svo þær taki minna pláss
- 3** Setjið umbúðirnar í pokann og bindið fyrir þegar hann er fullur
- 4** Setjið pokann í gráu tunnuna fyrir almennt sopp

Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

Miklar framkvæmdir í Bókasafni Seltjarnarness

Bókvitið í kassana látið



Á myndinni má starfsmenn bókasafnsins eftir langt og strangt verk. Frá hægri Dagný Þorfinnsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir, Gunnhildur Loftsdóttir, Kristín Arnþórsdóttir og Elsa Hartmannsdóttir. Á myndina vantar Ingibjörgu Vigfúsdóttur.

Segja má að bókvitið hafi verið látið ofan í kassa í Bókasafni Seltjarnarness á dögnum því eins og bæjarbúar hafa ekki farið varhluta af standa nú yfir umfangsmiklar framkvæmdir í Bókasafni Seltjarnarness og er því lokað af þeim sökum til 8. ágúst n.k.

Að ganga frá heilu bókasafni er ekki auðvelt verk, en með einstakri skipulagningu og útsjónarsemi hafa starfsmenn safnsins pakkað niður hverri einustu bók á þann hátt að auðvelt verður að pakka þeim upp úr kössunum og raða aftur í réttar hillur. Um 1400 kassar hafa verið notaðir til að pakka bókunum niður í. Þegar safnið verður opnað að nýju mega gestir eiga von á ýmsum breytingum, meðal annars verður gatinu á milli bókasafnsins og Hagkaupa lokað, en ennþá verður hægt að ganga inn í safnið frá versluninni. Nýtt gólfefni verður lagt, loft verða lagfærð og auk þess mun ný og endurnýjuð barnadeild líta dagsins ljós.

Laun bæjarstjórnar og nefndarmanna miðast ekki við þingfarakaup

Ákvörðun kjararáðs um hækkun þingfararkaupts mun ekki ná til bæjarstjórnarmanna og nefndafólks hjá Seltjarnarnesbæ en þingfararakaup hefur verið haft til hliðsjónar við ákvörðum launa stjórnar- og nefndarmanna hjá sveitarfélögum þótt þar sé að verða nokkur breyting á.

Samkvæmt tillögu sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar miðvikudaginn 28. júní sl. munu laun bæjar- og nefndarfulltrúa á Seltjarnarnesi ekki lengur taka mið af þingfararakaupi og þess vegna ekki taka breytingum í samræmi við hækkun Kjararáðs frá 29. október 2016 heldur fylgja launavísitölu frá og með 1. júlí 2017 og taka breytingum tvisvar á ári í samræmi við hana.

Rekstraryfirlit „opið bókhald“

Fjármálastjóri Seltjarnarnesbæjar



sýndi á fundinum tillögu að útfærslu að kynna og birta reglulega annars vegar rekstrarreiknings og hins vegar rekstraryfirlit, sundurliðað eftir málaflokkum. Kópavogur, Mosfellsbær og Garðabær hafa nú með mismunandi hætti birt upplýsingar á heimasíðu bæjarins. Bæjarráð samþykkir tillögu fjármálastjóra að nálgast verkefnið eins og Mosfellsbær gerir og leggur til að framvegis verðir birtar upplýsingar á þriggja mánaða fresti til að bæta enn frekar úr upplýsingagjöf og gera bæjarbúum kleift að fylgjast nánar með rekstri bæjarins. Samþykkt að hefja birtingu frá og með hausti.



Lífraent kaffihús með leynigarði



BESTA NÆRINGIN Í SUMAR?

Súrdeigssamlukur, þeytingar, kaffi, grautar, croissant, te, kökur og margt, margt fleira úr allra besta hráefninu.



FLOTHETTAN

– fyrir meiriháttar sumar!

Innanlands sem utan.

VERÐ:
16.400 kr.



MÖNTRU ARMBÖND

– á strönd og í sveiti!

Silfrúð, gyllt, rósagull.

Gefandi möntrur/þulur/orð.

Verð: 6.500/7500 kr.



SUMARILMURINN 2017

ALLÉGRESSE heldur okkur vakandi í allt sumar. Lífrænt vottað af Ecocert. 6 tegundir dr Bach ilma fást í Systrasamlaginu.



JÓGA- & ÞÆGINDAFÖT

Lífræn, notaleg, falleg & Fair Trade.

Framtíðin er núna.

ÓÐINGÖTU 1, REYKJAVÍK

Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mán. - fös.: 9 - 18.

Laugardagar: 11 - 17.

Viðtal við Heiðar Guðjónsson hagfræðing og fjárfesti

Þurfum að gæta að jarðveginum í samfélaginu

Heiðar Guðjónsson hagfræðingur spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Faðir hans var Guðjón Magnússon læknir og prófessor sem lést fyrir nokkrum árum og móðir hans er Sigrún Gísladóttir fyrrverandi skólastjóri í Garðabæ. Frá því að hann lauk námi hefur hann starfað bæði hér heima og erlendis og undanfarin ár einkum fengist við fjárfestingar og starfar í dag fyrir eigið fjárfestingafélag. Heiðar er þekktur fyrir þátttöku í umræðum um efnahagsmál þar sem hann hefur verið ötull við að rökstyðja sjónarmið sín. Heiðar fluttist á Seltjarnarnes fyrir nokkrum árum ásamt fjölskyldu sinni, Sigríði Sól Björnsdóttur, viðskiptafræðingi og börnum þeirra Orra, Bjarka og Rut.

“Ég ólst upp í Garðabænum frá níu ára aldri þar sem móðir mín var skólastjóri. Faðir minn var læknir og við bjuggum einnig um tíma í Svíþjóð. Ég var 23 ára þegar ég yfirgaf Garðabæinn og flutti til Reykjavíkur. Í Hlíðarnar. Konan mín er þaðan og við eignuðumst okkar fyrstu íbúð þar. Leiðin lá síðan út í heim. Fyrst til New York þar sem ég fór að vinna hjá fjármálaframtækjum. Ég starfaði um tíma á Wall Street við rekstur sjóða en síðan fluttum við til London og vorum þar um sjö ára skeið þar sem ég starfaði áfram hjá fjármálaframtækjum. Eftir að því tímabili lauk árið 2009 lá leiðin til Swiss þar sem ég kom eigin fyrirtæki á fót. En ég hafði aldei ætlað mér að setjast alfarið að erlendis og þarna var ég búinn að dvelja um helminginn af ævi minni utan landsteinana ef Svíþjóðardárin eru talin með. Við ákváðum því árið 2013 að koma heim og þá fórum við að leita okkur að framtíðarhúsnæði. Íbúðin í Hlíðunum var of lítil enda taldi fjölskyldan orðið fimm manns. Við höfðum engar áætlanir um að flytja á Seltjarnarnes heldur bara að finna okkur sæmilegt húsnæði. Við leituðum til fasteignasala sem spurði hvort við gætum hugsað okkar að flytja út á Nes en hann var með hús við Sæbrautina í sölu. Við ákváðum að skoða húsíð og leist



Heiðar Guðjónsson hagfræðingur og fjárfestir.

strax vel á og festum kaup á því í framhaldi og fluttum inn.”

Þetta er úrvalshverfi

Fannst ykkur umhverfið á Seltjarnarnesi öðruvísi en þið höfðuð þekkt áður. “Eftir að við fórum að kynna þvi áttuðum við okkur á að þetta er úrvalshverfi og samfélag. Hér á Nesinu er stutt í flest. Íþróttalífið er hjá Gróttu. Tónlistarskólinn í göngufjarlægð og annað er sambærilegt. Þetta er lítið samfélag. Fólk þekktist. Er almennt vingjarnlegt. Talar saman út á götu og andrúmsloftið er þægilega heimilislegt. Ég hef ekki orðið var við rembing í Nesbúum. Þetta er að ég held einkenni á litlu samfélagi. Ég ólst upp í Garðabænum og mér finnst verulegur munur á bæjarbragnum þar og á Seltjarnarnesi. Hann er mun afslappaðri á Nesinu.” Þegar þetta spjall fór fram var Heiðar að undirbúa ferð með íþróttahóp

frá Gróttu til Svíþjóðar. Talið barst aðeins að íþróttalífinu og Heiðar segir freistandi fyrir bæjarfélög að leggja fjármuni til íþróttar og þá ekki síst hollar íþróttaiðkunar fyrir almenn-ing. Vert sé þó að minnast þess að íþróttir séu ekki upphaf og endir alls. “Þegar ég var að alast upp í Garðabænum virtist mér stundum að fólk álitu að bæjarfélagið væri til fyrir íþróttafélagið en ekki að íþróttafélagið væri fyrir bæjarfélagið eins og á að vera. Á þessu verða menn að gæta sín.”

Foreldrum mínum leist ekki vel á heimspekinám

Þegar talið best að námi og störfum kveðst Heiðar hafa verið á eðlisfræðibraut í menntaskóla en hugur sinn hafi staðið til heimspeki og bókmennta. “Ég hafði lesið nokkuð um heimspeki og bókmenntir í frítímum mínum og hafði áhuga á skrá mig

Ég velti fyrir mér hvaða hagsmuni og hverra er verið að verja með því að viðhalda íslensku krónunni. Það er ekki verið að verja hagsmuni almennings heldur fremur embættismanna og kannski einna helst stjórnálmanna.

í nám í þeim greinum í Háskóla Íslands. Foreldrum mínum leist ekki nægilega vel á þær námshugmyndir og orðuðu það svo af ég færi í þessar greinar yrði ég að borga heim. Ég hafði líka gluggað í bækur um hagfræði og á endanum innritaði ég mig í nám í þeirri greina. Þetta fór betur í mömmu og pabba og mér var aldrei uppálagt að borga heim.”

Ónákvæm en spennandi fræðigrein

Heiðar ræðir hagfræðina frekar. “Hagfræðin er ung fræðigrein og er eiginlega hluti félagsvísindanna – sá hluti þeirra sem snýr að fjármálum, rekstri og öllum almennum viðskiptum. Heimurinn breytist hratt og hagfræði getur ekki orðið annað en fremur ónákvæm vísindi þar sem reynt er að nýta þá þekkingu og reynslu sem er fyrir hendi til þess að spá fyrir um afleiðingar – sjá fyrir hvað geti valdið hverju. En þetta er engu að síður spennandi fræðigrein.”

Er bjartsýnn á heiminn

En hvernig list Heiðari á þá þróun sem á sér stað í veröldinni með hliðsjón af hagfræði og reynslu hans af störfum á fjármálamörkuðum. Hann er fljótur til svars. “Ég er gríðarlega bjartsýnn á heiminn. Það verða breytingar. Evrópubúum er að fækka og sú fækkun mun halda áfram að

öllu óbreyttu. Þeir eru fremur þunglyndir og ekki eins mikið fyrir barneignir og til dæmis austur Asíubúar þar sem fjölgunin mun verða mest. Ég vil gjarnan horfa til þess heimshluta þar sem lýðfræðin er hvað jákvæðust." En hvað með auðlindir jarðar. Standa þær undir þeirri fjölsfjölgun sem sjá má fyrir. Heiðar er aftur fljótur til svars. "Ég hef engar áhyggjur af því að þær séu að ganga til þurrðar. Thomas Maltus hafði ekki rétt fyrir sér í byrjun 19. aldar þegar hann taldi að fjölgun jarðarbúa myndi fljótlega þýða að þeir hefðu hvorki í sig eða á. Og síðan hafa við og við komið fram sambærilegar kenningar. Ég tek ekki undir neitt af þessu. Það eru stöðugt að finnast nýjar og nýjar auðlindir og ég tel mörg tækifæri felast í framtíðinni."

Erum að fá fleiri stoðir undir samfélagið

En snúum okkur til Íslands. Hver staða þess er í hinum sibreytilega heimi sem hagræðin er stöðugt að leitast við að skilgreina. Heiðar segir hana góða. Íslendingar þurfi ekki að hafa áhyggjur af framtíðinni haldi þeir rétt á málum. Þjóðinni sé að fjölga. Hann bendir á að fæðingartíðni sé aðeins hærrí í Tyrklandi en hér þegar litið sé til þess heimshluta sem talinn er til Vesturlanda og viðfangsefnin ærin. Sveiflur hafa verið áberandi í íslensku efnahagslífi og er þjóðin ekki að fara upp á öldutoppinn einn ganginn enn. Heiðar segir ekkert óeðlilegt að fólk hafi áhyggjur af sveiflum í ljósi sögunnar og atburða undanfarinna ára en ekkert slíkt sé að eiga sér stað nú. Ekkert sambærilegt við þá bólu sem óx hér í byrjun aldarinnar og sprakk svo með látum eins og fólk þekkir. "Það sem nú er að gerast er ekkert í líkingu við bóluna sem þandist út í aldarbyrjuninni. Þróunin eins og hún er að eiga sér stað nú byggist fyrst og fremst á vinnu og aukinni þekkingu og framleiðni. Við erum að fá fleiri stoðir undir samfélagið. Þjónustustarfsemin er að vaxa og er farin að búa til raunveruleg verðmæti. Þetta er ekkert líkt fjármálabólunni sem varð hér og endaði með hrúni. Það er afgangur af viðskiptum við útlönd og einnig af starfsemi hins opinbera. Ég held að næstu ár verði án náttúruhamfara í fjármála- og viðskiptalífni. Þetta lítur vel út."

Hef enga trú á krónunni – er grunnur fyrir aðhaldsleysi

Heiðar hefur margóft rætt um íslensku krónuna, veika stöðu henna í samfélagi gjaldmiðla og þann vanda sem íslenskt samfélag hefur af notkun hennar.



Á myndinni t.v. er Heiðar að sigla um Scoresbyfjörð á austurströnd Grænlands. Og á myndinni t.h. er hann að skíða í á milli Zermatt og Chamonix á Haute Route.

Hann kveðst ekki hafa neina trú á krónunni. "Íslenska krónan er langminnsti gjaldmiðill í veröldinni. Það eru ástæður fyrir því að engin aðrar þjóðir sem telja undir tveimur milljónum fólks eru með sjálfstæðan gjaldmiðil. Íslendingar líta á þetta sem einhvers konar sjálfsstæðistákn en þetta er engan veginn að gera sig. Við erum að misskilja hlutina." En hvernig er hægt að bregðast við þessu. Standa okkur aðrar myntir til boða. "Við eigum að leyfa þeim sem vilja að nýta þær myntir sem þeir telja að henti best. Með því myndi dreifing áhættu aukast og kerfisvandamál minnka. Ég velti fyrir mér hvaða hagsmuni og hvernig er verið að verja með því að viðhalda íslensku krónunni. Það er ekki verið að verja hagsmuni almennings heldur fremur embættismanna og kannski einna helst stjórnmalamanna. Íslenska krónan er að mínu mati ákveðinn grunnur fyrir aðhaldsleysi í peningamálum en með því að taka prentvélarnar úr sambandi þarf að fara að sinna almannahagsmunum. Krónan er arfur miðstýringar og mér finnst ótrúlegt að fólk trúir enn á hana eða eru menn búnir að gleyma hvernig fór fyrir Sovétríkjunum."

Erum með alla innviði til að veita norðurslóðum þjónustu

Nú hefur þú látið til þín taka í sambandi við norðurslóðir og nýtingu þeirra. Eigum við möguleika þar. Heiðar segir að við verðum að taka mið af hvar landið okkar er staðsett á hnettinum. Reykjavík sé nyrsta höfuðborg í heimi. "Við erum hluti af norðurslóðasvæðinu sem er um 15% af öllu jarðnæði heimsins. Við erum með alla innviði til þess að veita þessu svæði umtalsverða þjónustu. Við erum með alþjóðaflugvöll og hafnir á austan- og norðanverðu landinu. Allar líkur eru á að flutningar í gegnum íshafið vaxi og umsvif á þessum slóðum margfaldist frá því sem er í dag. Aukin þýða í samskiptum Normanna og Kínverja getur



flýtt þeirri þróun. Í því sambandi eigum við fyrst og fremst að nýta betur það sem við eigum en ekki að leggja út í risafjárfestingar. Dæmi um slíkar hugmyndir eru um risahöfn í Finnafirði. Á stað þar sem ekkert bakland er. Engin byggð. Engin þjónusta af neinu tagi. Til að slík höfn gæti orðið að veruleika þarf ekki aðeins tryggar viðkomu flutningaskipa heldur þyrfti að byggja þéttbýlisstað frá grunni með tilheyrandi þjónustu og samgöngutengingum. Við eigum að horfa meira til norðurslóðanna og nýta þekkingu okkar og selja öðrum aðgang að henni." Talið berst að olíu- og gasvinnslu. Heiðar segir að búid sé að vinna olíu og gas á norðurslóðum um nær

aldar skeið. Nýting þess hafi farið fram með mjög ábyrgum hætti og ekkert svæði í heiminum hafi hærrí umhverfiseinkun. "Við erum von að umgangast náttúruna á ábyrgan hátt. Dómsdagsspár um framkvæmdir á norðurslóðum eru byggðar á misskilningi. Svartsýni á ekkert sameiginlegt með aðgát þótt sumar heimspekikennningar byggji á henni. Með skynsamlegri nýtingu auðlinda á þessum hluta jarðarinnar er bæði hægt að minnka soun og bæta nýtingu sem leiða mun til meiri almennar velmegunar."

Þurfum að gæta að jarðveginum í samfélaginu

En aftur á Seltjarnarnes. Er nauðsynlegt að breyta byggðinni og samfélaginu þar. Er það svartsýni að vilja fara hægt í slíkar breytingar. "Nei – alls ekki. Fólk þarf að gæta að því hver jarðvegurinn er í samfélaginu og hver hvatinn er til þessa að breyta því. Seltjarnarnes er takmarkað frá náttúrunnar hendi. Þetta þýðir herra verðlag á íbúðarhúsnæði þegar eftirspurn eykst. Að fólk sæki hingað á Nesið og vilji búa hér þýðir að við erum að gera eitthvað gott. Það er ekki hægt bæði að eiga kókuna og að éta hana."



SKIPTINÁM MEÐ MUNDO

Viltu verða reiprennandi á nýju tungumáli? Kynast öðruvísi menningu? Stíga út fyrir þægindarammann? Eignast nýja vini og heimili í öðru landi?

Ef þú vilt nýta árið sem þú græðir á nýju þriggja ára framhaldsskólakerfi vel og gera það ógleymanlegt, þá ættirðu íhuga skiptinám í Bandaríkjunum, Frakklandi, Þýsklandi eða á Spáni með Mundo.

Ekki missa af besta ári lífs þíns.

Innritun stendur yfir - hafðu samband núna!
margrét@mundo.is

MUNDO
www.mundo.is



Allar nánari upplýsingar
á mundo.is

Vel sótt sumarnámskeið á Nesinu



Þessar myndir voru teknar á leikjanámskeiðum á Seltjarnarnesi.

Survivor námskeiðið vinsælast

Sumarstarf barna á Seltjarnarnesi hófst með pompi og prakt í byrjun júní.

Í boði eru fjögur námskeið í sumar en í ár verður sú breyting að leikjanámskeiðin fara í frí frá 24. júlí til 7. ágúst. Síðasta námskeiðið verður haldið 8. til 18. ágúst. Þessi breyting hefur mælst vel fyrir. Eins og síðustu ár er boðið uppá þrenns konar námskeið; leikja- og ævintýranámskeið, Survivor námskeið og smíðavöll.

Leikja- og ævintýranámskeiðin eru fyrir börn á aldrinum 6 til 9 ára. Hvert námskeið stendur yfir í tvær vikur og mikið er lagt upp úr að dagskráin sé fjölbreytt og skemmtileg. Við á leikjanámskeiðinu erum dugleg að nýta það sem nærumhverfið hefur upp á að bjóða. Fjórufurðir, rólóferðir og leikir í náttúrunni er meðal þess sem gert er, en einnig er farið í lengri ferðir til dæmis í náttúrufræðisetur Kópavogs og á Árbæjarsafn.



Survivor námskeiðið vinsælast

Survivor námskeiðið sem er fyrir 10 til 13 ára slær alltaf í gegn. Undanfarin ár hefur skapast sú hefð að hafa nokkra fasta dagskrárliði, svo sem vatnsstríð og ógeðskeppni en útilegan stendur alltaf upp úr hjá börnum jafnt sem starfsfólki. Í ár er farið á Akranes í útilegu og gist í eina nótt. Grill og gleði, leikir og söngur einkenna útilegurinn í sumar líkt og síðustu ár.

Kofarnir spretta upp

Á smíðavellinum hafa kofarnir sprottið upp hver á fætur öðrum. Metnaður og vinnusemi einkenna krakkana á smíðavellinum sem er fyrir 8 ára og eldri. Börnin hafa einnig verið dugleg að taka sér frí frá smíðastörfum til að fara í ýmsa leiki. Námskeiðin hafa verið mjög vel sótt í sumar og gleðin hefur verið allsráðandi bæði hjá börnum og starfsmönnum. Við erum gríðarlega ánægð með hvað allt hefur gengið vel og hlökkum til næstu námskeiða.

Fyrir hönd starfsmanna,
E. Charlotta Ásgeirsdóttir
Yfirmaður leikjanámskeiða
Seltjarnarness

www.systrasamlagid.is

Fjölmenni á Jónsmessuhátíðinni



Fjölmenni var á Jónsmessuhátíðinni á Seltjarnarnesi. Sjaldan hefur verið eins góð þátttaka í henni og nú en ríflega 100 manns tóku þátt í hinni árlegu hátíð sem fram fór 21. júní á vegum menningarsviðs bæjarins.

Ferðalag jarðar um sólina og samtal við jurtir var meginþemað að þessu sinni.

Gangan hófst við Hákarlahjallinn við Norðurströnd þar sem Sigurður Konráðsson bauð upp á hákarl og íslenskt brennivín. Sævar Helgi Bragason leiddi gönguna og fræddi gesti um sólina, sólstöður

og ferðalag jarðar um stjörnuna okkar. Lilja Sigrún Jónsdóttir fór yfir helstu tegundir lækningajurta í Urtagaðinum í Nesi.

Í Nesstofu bauð Sigríður Nanna Gunnarsdóttir sýningarstjóri upp á leiðsögn um myndlistarsýninguna List Officinalis og að lokum var boðið upp á þjóðlegar veitingar á þaki Lækningaminjasafn og fróðlegri sólarskoðun með Sævari í gegnum sérstaka sólarjónauka. Húlladúllan og Kammerkór Seltjarnarness slógu svo botninn í þetta frábæra kvöld með söng og eldhúllagleði.



Útsalan er hafin, 30-50% afsláttur af öllum útsöluvörum

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Verkanin Belladonna

Margt að gerast á Seltjarnarnesi

Framkvæmdir eru nú hafnar við byggingu hjúkrunarheimilis við Safnatröð. Fjórutíu rými koma til með að vera í hjúkrunarheimilinu, og á umhverfið og aðbúnaðurinn að líkjast hefðbundnum einkaheimilum.

Byggingin verður á einni hæð. Seltjarnarnesbær annast hönnun og byggingu heimilisins í samráði við Framkvæmdasýslu ríkisins og Velferðarráðuneytið. Áætlaður byggingartími er 18 mánuðir.

Sumarstörf unga fólksins

Ungu fólki virðist ganga betur að fá sumarstörf í sumar en undanfarin ár og ber að fagna því. Atvinnumöguleikar eru nú bæði fleiri og fjölbreyttari. Umsóknir um störf hjá sumarátaki hjá bænum eru færri nú en í fyrra. Mörg hver halda áfram að vinna um sumarið hjá þeim aðilum sem þau hafa haft vinnu hjá með námi yfir veturinn.

Grænfaninn

Nemendur og starfsfólk Leikskóla Seltjarnarness fengu á dögum afhentan nýjan Grænána í fjórða sinn, fáninn blaktir flesta daga við skólann er viðurkenning Landverndar á því að vel hefur verið staðið að umhverfismálum skólans. Í kjölfar þessa verkefnis hefur margt breyst til batnaðar, sem dæmi um það hefur dregið verulega úr orkunotkun, allt rusl í leikskólanum er flokkað og sett í þar til gerða flokkunargáma. Ýmis skemmtileg verkefni hafa verið unnin þar sem endurnýting er höfð að leiðarljósi.

Endurskoðað aðalskipulag Seltjarnarnesbæjar

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt endurskoðað aðalskipulag sveitarfélagsins, með gildistíma 2015-2033. Tillagan var sett fram í greinargerð, tveimur skipulagsuppdráttum og átta þemauppdráttum. Þar kemur fram stefna sem skiptir bæjarbúa miklu máli og

varðar fjölmarga þætti, svo sem þróun byggðar, landnotkun og innviði. Tillagan nær til alls lands innan sveitarfélagsins og hvet ég íbúa til að kynna sér nýtt aðalskipulag á heimasíðu bæjarins.



Ásgerður Halldórsdóttir.

Seltirningar ánægðastir landsmanna

Á Seltjarnarnesi eru 85% íbúa ánægðir með þjónustu sveitarfélagsins á heildina lítið, samkvæmt árlegri þjónustukönnun sem Gallup gerir meðal sveitarfélaga landsins. Þjónusta Seltjarnarness á heildina lítið út frá reynslu og álitu íbúa nýtur verðskuldaðrar viðurkenningar, en Seltjarnarnesbær fær þar hæstu einkunn af þeim níttján sveitarfélögum sem borin eru saman. Bæjarstjórn og starfsmenn bæjarfélagsins leggja sig fram um að hlusta eftir hvaða þjónusta skiptir máli fyrir bæjarbúa og hefur ús stefna skilað bæjarfélaginu fyrsta sæti þegar kemur að spurningunni um þjónustustig bæjarins.

Sjónvarpsþáttur um Seltjarnarnes

Nýlega var sýndur á sjónvarpsstöðinni Hringbraut þáttur um Seltjarnarnes. Fjallað var um sérstöðu bæjarfélagsins, þjónustu við bæjarbúa og ljósi varpað á ýmsa þætti sem sýna sterka innviði þess.

Við gerð þáttarins tóku stjórnendur hans, Sigurður Kolbeinn Sigurðsson og Friðþjófur Helgason fjölmargar myndir og drónaskot. Hægt er að nálgast drónaskot, myndir og þáttinn sjálfar á heimasíðu bæjarins og heimasíðu Hringbrautar (opnast í nýjum vafraglugga).

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri.




Á myndinni, sem tekin var þar sem hjúkrunarheimilið er að rísa, eru (f.v.): Birgir Vigfússon, fulltrúi Félags eldri borgara á Seltjarnarnesi (FebSel) í ÖS, Hildigunnar Gunnarsdóttir, fulltrúi bæjarstjórnar í ÖS, Magnús Oddsson, formaður FebSel og fulltrúi félagsins í ÖS, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Ólafur Egilsson, formaður ÖS af hálfu bæjarstjórnar, og Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri. Þóra Einarsdóttir, sem einnig á sæti í ÖS fyrir FebSel, var stödd erlendis. Snorri Aðalsteinnsson tók myndina.

Nýr formaður Landssambands eldri borgara (LES), Þórunn Sveinbjörnsdóttir, sem um árabil hefur unnið ötulllega að málefnum eldri kynslóðarinnar, var gestur á 6. fundi Öldungaráðs Seltjarnarnesbæjar (ÖS) 29. júní sl.

Hafði henni verið boðið að ræða þar um "Meinlegustu vandamál eldri borgara, sem stjórnvöld geta leyst" og gerði hún efninu prýðileg skil, m.a. hvernig þörf er á skjótum lagfæringum nýrrar löggjafar um almannatryggingar, til þess að draga úr skerðingum á greiðslum trygginganna og koma í veg fyrir að ráðstafanir stjórnvalda letji í stað þess að örva eldri borgara að halda áfram þörfu heilsueflandi starfi og bæta um leið efnahag sinn. Að ÖS-fundinum loknum var Þórunni boðið að skoða framkvæmdir við nýja hjúkrunarheimilið á Norðurtúni í fylgd Ásgerðar Halldórsdóttur bæjarstjóra og Snorra Aðalsteinnssonar félagsmálafulltrúa, ásamt ÖS fulltrúum. Mikill kraftur er í byggingarframkvæmdunum og því góðar horfur á að þeim ljúki á áætluðum tíma síðla árs 2018.

Ólafur Egilsson, formaður Öldungaráðs Seltjarnarnesbæjar.



Golfklúbbi Ness – Nesvellinum
Fimmtudaginn 17. ágúst 2017 – Takið daginn frá

Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness heldur styrktarmót fimmtudaginn 17. ágúst. Leiknar verða 9 holur. Skráning fer fram á www.golf.is

- Allar ræstar út á sama tíma kl. 14.00.
- Glæsileg verðlaun og teiggjafir í boði.
- Þáttökugjald er 8.500,-
- Innifalið í þáttökugjaldi er léttar veigar og kvöldverður.
- Vegleg verðlaunaafhending við mótslok.

Soroptimistar eru alþjóðleg hjálpar- og friðarsamtök kvenna. Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness var stofnaður 24. september árið 1977 og á því 40 ára afmæli í ár. Hann hefur rétt margvíslegum málefnum hjálparhönd með styrkveitingum.

Allur ágöði 40 ára afmælis golfmótsins rennur til styrktar verkefnis í heimabyggð í samstarfi við Miðstöð foreldra og barna og Heilsugæslustöð Seltjarnarness og færa verðandi foreldrum bókina "1000 fyrstu dagarnir – barn verður til" sem er ætlað að aðstoða foreldra fyrstu árin í lífi barnsins.



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir

www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Kraftmikið íþróttá-, tómstunda og lýðheilsustarf

Það dylst vonandi engum Seltirningi að íþróttá-tómstunda- og lýðheilsustarf er eitt af aðalsérkennum bæjarins. Við erum stolt af því að geta boðið uppá framúrskarandi þjónustu á þessum vettvangi, en tæplega 16% af skatttekjum bæjarins fara í málaflökkinn, sem er sá næststærsti á eftir fræðslumálum. Fá bæjarfélög ef nokkurt, leggur svo ríka áherslu á málaflökkinn sem gerir það enn eftirsóknarverðara að ala upp börn hér á Nesinu. Mikil en gleðileg áskorun blasir svo við að mæta þörfum sívaxandi hóps eldri borgara í samfélaginu.

Eitt af aðalviðfangsefnum Íþróttá- og tómstundanevndar Seltjarnarness (ÍTS) er að framfylgja Íþróttá-, tómstunda- og lýðheilsustefnu bæjarins frá árinu 2014. Stefnan var unnin í samráði við bæjarbúa, en undanfari hennar var íbúáþing sem haldið var í Valhúsaskóla í byrjun árs 2014. Stefnan er nánast að öllu leyti í framkvæmd og fá viðfangsefni eftir, en stefnt er að því að klára á þessu kjörtímabili.

Tómastundastyrkir voru hækkaðir í 50 þús. krónur strax árið 2015, og eru þeir hæstu á landinu. Nýting styrkjanna hefur aukist jafnt og þétt, ekki síst með aukinni kynningu. Í ár eru umsóknir í fyrsta skipti á rafrænu formi og afgreiddir fljótlega eftir að umsókn berst, í stað tvisvar á ári. Afreksmannasjóður hefur verið stofnaður og nefndin veitir almenna styrki og viðurkenningar eftir sérstökum starfsreglum sem finna má á heimasíðu bæjarins.

Í fyrra var skipt um yfirborð á knattspyrnuvöllum Gróttu og gúmídekkjakurli skipt af sparkvöllum bæjarins. Nýr þriggja ára samstarfs-samningur var gerður við Gróttu, þar sem m.a. starfsemi meistaraflökks kvenna í knattspyrnu er tryggð, og íþróttafélagið tók við rekstri íþróttamiðstöðvar og knattspyrnuvalla með von um hagræðingu fyrir báða aðila. Heilsudagar voru haldnir í maí

en með því átaki tók ÍTS þátt í að kynna þá starfsemi sem í boði er. Selið og leikjanám-skeið tilheyra nú fræðsluviði undir nýrri Frístundamiðstöð en með því næst

sambætting starfs og hagræðing, ekki síst samnýting öflugss starfsfólks á því sviði. Bærinn studdi við nýja æfingaaðstöðu til golfiðkunar á Eiðistorgi, og gerði sérstakan samning um nýtingu hennar fyrir yngstu og elstu íbúa bæjarins. Og í lok árs gerði Seltjarnarnesbær samkomulag við Reykjavík um samstarf um viðbyggingu við íþróttahúsið, með nýju fimleikahúsi og íþróttaklefum sem mikil þörf var á. Húsið mun einnig nýttast skólum og eldri borgurum vel. Núvirði samningsins við borgina er áætlað um 450 milljónir, en til samanburðar var gert ráð fyrir að nýtt fimleikahús myndi kosta tæplega 600 milljónir árið 2013. Var þetta alger forsenda fyrir að hægt væri að fara í svo dýra framkvæmd.

Sundlaugin er stolt bæjarins og eftir yfirhalingu í maí var ný renni-braut tekin í notkun og aðstaða fyrir fatlaða bætt. Á næsta ári er gert ráð fyrir steyptri kaldri laug, en kalda plastkerið annar vart eftirspurn! Ein-nig stendur vilji til að lengja opnunartíma. Samkvæmt stefnunni á enn eftir að klára tvennt; þ.e. bæta við útítækjum á hlaupaleiðum og stofna lýðheilsuhóp, þó vísir að honum hafi myndast í kringum Hreyfivíkuna í maí, sem tókst afar vel til með. Stefnuna má finna á heimasíðu bæjarins á slóðinni hér að neðan.

<http://www.seltjarnarnes.is/stjorn-sysla/samthykkir/ithrotta-tomstunda-og-lydheilsustefna/>

Magnús Örn Guðmundsson
Formaður ÍTS



Magnús Örn
Guðmundsson.

UMHVERFISHORNID

Fugl mánaðarins - Brandönd

- Nýr varpfugl á Seltjarnarnesi



Brandandahjón, kollan nær, steggurinn fjær. Kynin eru svipuð að útliti.

Brandönd er stór, skrautleg önd, telst til svokallaðra gæsanda, en hegðun þeirra og útlit minnir oft meira á gæsir en endur. Brandönd var strjáll flækningur hér á landi þar til árið 1990 er hún varp í fyrsta sinn. Síðan þá hefur henni fjölgað jafnt og þétt og verpur hún nú í flestum landshlutum, en höfuðstöðvar hennar eru í Borgarfirði. Brandönd er í raun sjóflugl, hún leitar ætis á yfirborði leira og síar með goggnum úr leðjunni þörungum, snigla, smáskeljar, skordýr og orma. Hún finnst einnig á fersku vatni. Brandendur hafa sést árlega á Bakkatjörnum undanfarið ár, sérstaklega síðsumars og vorið 2013 hélt sig óvenju gæfur steggur á tjörninni. Það bar síðan við nú snemma í júní, að brandandarhjónt með 3 unga saúst á Bakkatjörnum. Þau hafa haldið sig þar síðan. Önnur ný varptegund fannst síðan í Dal í Suðurnesi 24. júní, rauðhöfðaönd, en um hana var fjallað hér í vetur.

Jóhann Óli Hilmarsson



Viðurkenningar 2017

Þann 2. júní síðastliðinn fór fram útskrift nema í 10. bekk Valhúsaskóla. Umhverfisnefnd veitti tveimur útskriftarnemum viðurkenningar. Að þessi sinni hlaut Anna Ólafsdóttir viðurkenningu fyrir árangur og ástundun í náttúrufræðum, en hvatningarverðlaun í náttúrufræðum hlaut Hákon Rafn Valdimarsson. Við óskum þeim innilega til hamingju með árangurinn.

F. h. umhverfisnefndar, Margrét Pálsdóttir, formaður.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Bæjarhátíðin verður 25. til 27. ágúst

Bæjarhátíð Seltjarnarness verður haldin dagana 25. til 27. ágúst n.k. Skemmtilegar hefðir hafa myndast í kringum hátíðina þar sem íbúar hverfa taka sig saman og standa fyrir sameiginlegum viðburðum í sínu hverfi meðan á hátíðinni stendur, svo sem vöfflu- og pönnukökukaffi, götugrilli og hverfaskemmtun fyrir ball. Fyrirtæki og stofnanir bæjarins munu taka þátt með ýmsum hætti í bæjarhátíðinni og leggja sitt af mörkum til að gera hana enn glæsilegri. Í lok hátíðarhaldanna verða veittar viðurkenningar og verðlaun fyrir frumlegustu húsaskreytinguna árið 2017 og flottustu götuskræytinguna árið 2017.

Dagskrá hátíðarinnar hefur aldrei verið fjölbreyttari og allir íbúar ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Meðal viðburða má finna Brekkusöng í Plútóbrennu sem enginn annar enn Jón Jónsson söngvari mun stýra, sundlaugarpartý í Sundlaug Seltjarnarness í samstarfi við World Class, hjólreiðaferð, skemmtiskokk og Íþróttafélagið Grötta mun halda Gróttudaginn hátíðlegan með ýmsum viðburðum og leikur meistaraflokks karla í knattspyrnu sem nú eru í fyrstu deild mun fara fram á heimavelli Grötta gegn Þór klukkan þrjú á laugardeginum. Stuðball Grötta verður á sínum stað á laugardagskvöldinu. Appelsínugula messan verður á sínum stað og þar verða meðal annars veittar viðurkenningar fyrir frumlegustu húsaskreytinguna og fyrir flottustu götuskræytinguna. Golfklúbburinn NES mun standa fyrir barnagolfmóti á sunnudeginum. Ýmislegt fleira verður í boði og er dagskráin óðum að taka á sig skemmtilega mynd. Dagskránni verður dreift í öll hús á Seltjarnarnesi í vikunni fyrir hátíðarhöldin og einnig verða tilkynningar á heimasíðu Seltjarnarness, fésbókarsíðu Seltjarnarnes og fésbókarsíðunni Íbúar Seltjarnarnes. Hvetjum ykkur til að fylgjast með samfélagsmiðlun næstu daga og vikur.



Soroptimistar á Seltjarnarnesi láta gott af sér leiða

Í vor veitti Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness Gæfusporum styrk að upphæð 500 þúsund krónur og er þetta þriðja sinn sem klúbburinn styrkir námskeið á vegum Gæfuspora en upphæðin er meðal annars afrakstur af kaffi- og vöfflusölu á Fjölskyldudegi út í Gróttu og styrktargolfmóts Soroptimistaklúbbsins sem haldið er árlega hér á Seltjarnarnesi.

Áður hefur klúbburinn veitt Gæfusporum ellefuhundruð og fimmtíu þúsund til námskeiðahalda. Námskeiðið er í raun endurhæfing fyrir konur sem beittar hafa verið ofbeldi. Tilgangur Gæfuspora, er að bæta andlega og líkamlega líðan kvenna sem lent hafa í áföllum af völdum ofbeldis. Markmiðið námskeiðsins er að auka getu og færni þátttakenda og stuðla að því að þær verði virkari í daglegu lífi og jafnframt að þróa meðferðarúræði innan velferðarþjónustunnar sem tekur á fjölpættum vanda einstaklinga sem hafa orðið fyrir áföllum af völdum ofbeldis. Formaður



Soroptimistaklúbbs Seltjarnarness, Sjófn Þórðardóttir afhenti styrkinn fyrir hönd Soroptimista fulltrúum Gæfuspora Sigríði Hrönn Bjarnadóttur og Sísí Bender. Gaman er að geta þess að Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness á fjörutíu ára afmæli í haust, 24. september næstkomandi og mun meðal annars að því tilefni halda veglegt afmælis styrktargolfmót hér í heimabyggð hjá Golfklúbbum NES og nýtt verkefni mun líta dagsins ljós í afmælimánuðinum sem liggur beint að markmiðum Soroptimista að vinna að verkefnum í heimabyggð.



OPIÐ FYRIR ALLA

MATUR OG DRYKKIR Á SANNGJÖRNU VERÐI. BRUNCH KL. 11 - 14.
HAPPY HOUR ALLA DAGA FRÁ KL. 16 - 19 OG LAUGARDAGA TIL KL. 21.



STÚDEN
TAKJAL
LARINN



STÚDENTAKJALLARINN VEITINGA- OG SKEMMTIÐAÐUR
Háskólatorg Sæmundargötu 4 studentakjallarinn.is





Meistaraflokkar í eldlínunni

Meistaraflokkur kvenna leikur í sumar í nýstofnaðri 2. deild og er óhætt að segja að okkar stelpur hafi komið skemmtilega á óvart.

Eftir töp í fyrstu tveimur leikjunum setti Gróttuliðið í gírinn og vann fjóra leiki í röð með markatölunni 14-3 en stelpurnar eru nú fyrir ofan miðja deild með 13 stig.

Hrafnhildur Fannarsdóttir og Eydís Lilja Eysteinsdóttir hafa báðar skorað 5 mörk í sumar og þá hefur Íris Dögg Gunnarsdóttir komið feikilega öflug inn í markið.

Strákarnir hafa hins vegar átt undir högg að sækja í Inkasso-deildinni en unnu Leikni F. 3-0 á heimavelli í gríðarlega mikilvægum leik með tveimur mörkum frá Pétur Steini Þorsteinsyni og einu marki frá Viktori Smára Segatta



Marki fagnað hjá stelpunum.

og lyftu sér af botninum og eru komnir með 8 stig. En betur má ef duga skal - það býr mikið í Gróttuliðinu og vonandi að strákarnir nái að krækja í en fleiri mikilvæg stig í næstu leikjum.

Gróttupæjur á Pæjumóti

Gróttu sendi þrjú lið til leiks á Pæjumótið í Eyjum dagana 14. til 17. júní. Stemmingin í Gróttuhópnum var virkilega góð og þóttu Gróttuliðin spila fallegan og hugrakkan fótbolta.

Gróttu1 vann tvo leiki fyrsta keppnisdaginn og byrjaði dag tvö á sterku jafntefli við Val. Aðeins eitt mark vantaði uppá að Gróttu kæmist í 8-liða úrslit annað árið í röð en þegar upp var staðið enduðu stelpurnar í 10. sæti. Mótið var ögn kaflaskiptara hjá Gróttu2 og Gróttu3 en hvort lið átti þó glimrandi góða kafla. Eftirminnilegur er mikill spennuleikur Gróttu2 við heimastúlkur í ÍBV2 á lokakeppnisdeginum sem lyktaði með 2-2 jafntefli. Fyrir utan fótboltann var ýmislegt skemmtilegt gert og sýndu Gróttustelpur meðal annars þaulæft dansatriði í hæfileikakeppni mótsins. Lilja Scheving var fulltrúi Gróttu í landsleiknum og þótti spila virkilega vel á miðjunni.

www.grottasport.is



GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER

170

Annar flokkur karla í Svíþjóð

Annar flokkur karla hélt í æfingaferð til Stokkhólms í byrjun júní. Nánar tiltekið til Bosön þar sem íþróttasetur sænska íþróttasambandsins er staðsett. Þar æfðu Gróttumenn við bestu aðstæður og gistu einnig og borðuðu á svæðinu.

A-landslið karla hjá Svíþjóð æfði meðal annars nokkrum sinnum á næsta velli við okkar menn mátti þar sjá mörg kunnugleg andlit úr Evrópuboltanum. Fyrir utan æfingar var ýmislegt til gamans gert en miðbær Stokkhólms var að sjálfsgöðu skoðaður og auðvitað kíkt í nokkrar búðir.

Lokadaginn fór hópurinn á Tele2 Arena og horfði á stórleik Hammarby og Djurgården, tveggja erkifjenda frá Stokkhólmi. Fresta þurfti leiknum vegna mikils reyks frá blysum sem stuðningsmenn beggja liði kveiktu á en leikurinn



Tekið á því á æfingu.

sjálfur var svo frábær skemmtun. Hammarby sigraði að lokum 3-1 og stemmingin á vellinum ólýsanleg.

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Árlegt skyndihjálparnámskeið í sundlauginni

Starfsmenn Seltjarnarneslaugar tóku í vor hið árlega skyndihjálparnámskeið sem er sérhæft námskeið fyrir sundlaugastarfsmenn bæði bóklegt og verklegt.

Einnig taka þau sundpróf sem allir þurfa að standast til þess að hafa leyfi til þess að starfa við sundlaugina. Allt gekk þetta vel og allir stóðust prófið með glans. Starfsfólk sundlaugar hvetur alla bæjarbúa til þess að nýta sér þessa frábæru aðstöðu sem sundlaugin býður uppá.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinn er Matthildur Óskarsdóttir. Hún stundar kraftlyftingar með Kraftlyftingafélagi Reykjavíkur undir leiðsögn Ingimundar Björgvinssonar og lenti í þriðja sæti á heimsmeistarabótinu í klassískum kraftlyftingum sem fram fór í Minsk í Hvíta-Rússlandi í síðasta mánuði. Matthildur keppti í -72 kg stúlknaflokki, hún setti einnig Íslandsmet í hnéþeygju, bekkpressu og samanlögðu á mótinu en hún er aðeins 17 ára gömul. Svo stundar hún nám við Menntaskólann í Reykjavík á Eðlisfræðibraut 1.

Fullt nafn? Matthildur Óskarsdóttir.

Fæðingard. og ár? 13. október 1999.

Starf? Nemandi við Menntaskólann í Reykjavík, fimleikabjálffari í Gróttu og kaffibarbjónn á Kaffítár.

Farartæki? Hjólið er mest notað.

Helstu kostir? Hress, jákvæð og ég geng alltaf frá lóðunum eftir mig í ræktinni.

Eftirlætis matur? Bleikur fiskur, sætar kartöflur með litríku salati og stinguvatni (Kristall eða Toppur) en svo eru soðin egg með salti alltaf solid.

Eftirlætis tónlist? Rag'n' Bone Man, The Weeknd, Ed Sheeran og Stuðmenn.

Eftirlætis íþróttamaður? Kimberly Walford. Hún deddar sko 257,5 kg á kjötinu!

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Friends og Breaking Bad.

Besta bók sem þú hefur lesið? Óvinurinn eftir Emmanuel Carrère.

Uppáhalds leikari? Stefán Karl Stefánsson.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? American Graffiti.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Ég elska að ganga á fjöll og vera úti í náttúrunni. Svo fer ég líka í golf þegar veður leyfir og daglega í sund, en ekki til að synda heldur í kalda pottinn :) **Fallegasti staður sem þú hefur komið á?** Vestfirðirnir eru æðislegir og alltaf eitthvað fallegt að sjá, en svo er æðislegt að sigla í kringum Heimaey á fallegu sumarkvöldi!

Hvað metur þú mest í fari annarra? Húmor, heiðarleika og hógvæð. **Hvern vildir þú helst hitta?** Arnold Schwarzenegger.



Uppáhalds vefsíða? goodlift.info og results.kraft.is

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Hjól, gönguskó og nýjan golfpoka

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti? Ég myndi gera það skynsamlegasta en kannski líka leiðinlegasta; leggja peninginn inn á bankabók og safna upp í íbúð, en hluti myndi fara í æfinga- og keppnisferðalög, því þetta er ekkert ódyrt spaug.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Ég myndi gera Systaraslaginu kleift að koma aftur á sinn stað, bæta aðstöðu KFR og stækka kalda pottinn í Neslauginni.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Lifa góðu, heilbrigðu og skemmtilegu lífi og prófa að búa erlendis.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Fór til Hvíta-Rússlands á heimsmeistarabót sem gekk bara eins og í sögu! Svo var nokkra daga frí í Kaupmannahöfn. Einnig fer ég mikið til pabba míns í Hænuvík við Patreksfjörð, þar sem ég er mikið á fjöllum. Annars þegar ég er í bænum er ég mest bara að vinna, æfa og í sundi.

Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Setjum undir á staðnum



Víkurvagnar ehf. | Hyrjarhöfða 8 | 110 Reykjavík
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Á GÓÐU
VERÐI

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is



Ráuda ljónið
síðan 1989

**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

TAKTU MED
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur





göðgæti frá Jóa Fel

Kökur og kruðurí að hætti Jóa Fel

Bakarið við Hringbraut er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18
og frá kl. 8 - 17 um helgar.

Verið hjartanlega velkomin.



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Gardabær & Hringbraut